



ÁSLANDSSKÓLI - FRÉTTABLAÐ

# FLÓRGOÐINN

## Meðal efnis í þessum Flórgoða:

- Foreldra Flórgoði
- Takið daginn frá
- Ráð fyrir foreldra
- Foreldrarölt
- Kaffispjall
- Bekkjarfulltrúar funda
- Hvað er málið með íþróttahús?
- Uppbyggileg netnotkun
- Jörundur / Bólu-Hjálmar

## FORELDRA—FLÓRGOÐI

Að þessu sinni er Flórgoðinn helgaður foreldrafélagi Áslandsskóla og er vikið að mörgu er snýr að starfi þess.

Í haust var tekin í notkun ný heimasíða foreldrafélagsins. Þar má fá upplýsingar um foreldrafélagið og fundargerðir þess, skólaráð, bekkjarfulltrúa og foreldraröltið. Þar eru jafnframt upplýsingar um samræmd mál er snerta útivistartímann, vinahópa, hjólreiðar og tölvunotkun. Einnig eru gagnlegar vefslóðir um SMT, eineltisáætlun skólans, Lýðheilsustöð, Blátt áfram og ADHD samtökin og svo mætti áfram telja.

Leitast hefur verið við að gera vefsíðuna að gagnlegum upplýsingabrunni er snýr að samskiptum heimila og skóla. Færðar eru inn fréttir með reglulegu millibili þar sem áréttað er ýmislegt sem snýr að forráðamönnum.

Nýlega var endurbætt og uppfærð handbók félagsins sett á vefsíðuna en henni er ætlað að auka aðgengi foreldra, skólastjórnenda og fræðsluyfirvalda að upplýsingum um starfsemi foreldrafélagsins.

Stjórn foreldrafélagsins hvetur foreldra að kynna sér efni handbókarinnar og vefsíðu foreldrafélagsins: <http://www.aslandsskoli.is/foreldra/felag/foreldrafelag.php>.

## GODI segir:



Jákvætt samstarf heimila og skóla er Áslandsskóla mjög mikilvægt. Ég tala vel um skólann minn.

## Takið daginn frá.....

Takið frá þriðjudaginn 3. maí kl. 20:00-21:30.

... því þá er aðalfundur foreldrafélagsins. Á fundinum verða lögð fram endurskoðuð lög foreldrafélagsins, farið yfir verkefni stjórnar, kosið í stjórn og bragðað á hjartanærandi vöfllum svo eitthvað sé nefnt. Þjóðið ykkur fram í stjórn og látið gott af ykkur leiða í þágu barna okkar.

Flórgoðinn er fréttablað Áslandsskóla.

Útgáfa blaðsins er rafræn og tölublöð má einnig finna á vefsetri skólans [www.aslandsskoli.is](http://www.aslandsskoli.is)  
**FORRÁÐAMENN ERU HVATTIR TIL AÐ LESA BLAÐIÐ YFIR MEÐ BÖRNUM SÍNUM.**

## Ráð fyrir foreldra

Foreldrar barna í grunnskólum Hafnarfjarðar eiga sameiginlegan vettvang til að standa vörð um réttindi barna sinna til menntunar og þroska. Hann nefnist foreldraráð Hafnarfjarðar.

Tveir fulltrúar foreldrafélaga allra grunnskóla bæjarins eiga sæti í ráðinu og eru fundir ráðsins að jafnaði einu sinni í mánuði. Foreldraráðið er málsvari foreldra gagnvart skólafirvöldum en ráðið er með áheyrnarfulltrúa í fræðsluráði Hafnarfjarðar. Hann talar máli foreldraráðsins og gerir foreldraráði grein fyrir málum ræddum á þeim vettvangi. Sveindís Anna Jóhannsdóttir formaður foreldrafélags Hvaleyrarskóla gegnir því starfi.

Foreldrar í Áslandsskóla eiga jafnframt annan vettvang til að koma að mótun skólastarfsins, en það er skólaráð. Skólaráð er samstarf skólustjóra og skólasamfélags um skólahald en tveir fulltrúar foreldra eiga sæti í ráðinu. Skólaráð tekur þátt í stefnumörkun fyrir skólann og mótun sérkenna hans.

Stjórn foreldrafélagsins telur mjög mikilvægt að raddir foreldra heyrist og að tekið sé mið af skoðunum þeirra er snertir skólastarfið, hvort sem það er innan Áslandsskóla eða á víðari grundvelli. Við hvetjum því foreldra að koma á framfæri tillögum og ábendingum til stjórnarinnar ([foreldrafelag@aslandsskoli.is](mailto:foreldrafelag@aslandsskoli.is)). Stjórnin getur miðlað þeim áfram til skólaráðs Áslandsskóla eða foreldraráðs Hafnarfjarðar eftir því sem við á.

Heimasíða foreldraráðs er í vinnslu en hún mun verða aðgengileg af vefsíðu Hafnarfjarðarbæjar.

Frekari upplýsingar um skólaráð má sjá á vefsíðu Áslandsskóla, t.a.m. úr handbók foreldrafélagsins.



## Foreldrarölt

Foreldrar í Áslandsskóla hafa í vetur eins og undanfarin ár rölt um hverfið á föstudagskvöldum. Það skiptir máli fyrir unglíngana okkar að okkur sé umhugað um þá og að við fylgjumst með hvort þeir eru á ferli eftir lögbundinn útivistartíma. Við viljum þakka þeim foreldrum sem hafa tekið þátt í röltinu og stuðlað að bættu öryggi í hverfinu okkar.

Eftirfarandi bekkir sjá um röltið fram að sumri:

25. mars: 8. BH – Álfameimar

1. apríl: 5. ERK - Grettisheimar

8. apríl: 10. RLS – Jarðheimar

15. apríl: 9. ÁMH - Ljósheimar

29. apríl: 7. KH – Baldursheimar

6. maí: 4. HHS - Hetjuheimar

13. maí: 6. ÓP - Hrafnshólar

20. maí: 7. GH - Óðinsheimar

27. maí: 1. SP – Jöklaheimar

## Vorhátíð

Takið frá laugardaginn 21. maí kl. 11 til 14 en þá verður vorhátíð Áslandsskóla.

Nú geta allir farið að hlakka til því dagskrá hátíðarinnar verður fjölbreytt að venju og ættu allir að finna eitthvað við sitt hæfi. Veltibíllinn verður á staðnum en síðast þegar hann var á vorhátíð skólans var mikill áhugi fyrir honum. Stórir sem smáir fóru eina eða fleiri veltur með bílnum og fundu hversu mikilvægt er að nota bílbelti, hvort sem það er í framsæti eða aftursæti. Hoppukastalar verða á sínum stað og einnig verður boðið upp á klifurvegg, hjólabraut, andlitsmálningu, tónlistaratriði, pylsu- og kaffisölu ásamt fleiri uppákomum.

Dagskráin verður auglýst nánar er nær dregur. Ef þú lumar á góðri hugmynd að uppákomu er hún vel þegin ([foreldrafelag@aslandsskoli.is](mailto:foreldrafelag@aslandsskoli.is)).

## Bekkjarfulltrúafundir

Tveir fundir hafa verið haldnir með bekkjarfulltrúum í vetur og var sá seinni í byrjun árs. Mjög góð mæting var á báðum fundinum. Dagskrá síðasta fundar var sú að fyrst fór Ragna, formaður foreldrafélagsins, yfir hvert hlutverk skólaráðs, foreldrafélagsins og bekkjarfulltrúa væri. Eftir smá þraut var þátttakendum skipt upp eftir því hvort þeir ættu börn á yngsta stigi, miðstigi eða unglingastigi. Góðar umræður sköpuðust í hópunum og voru niðurstöður kynntar í lokin.

Það sem almennt var rætt áður en bekkjarfulltrúum var skipt upp í hópa var m.a.:

**Foreldrasáttmálinn:** Hann er leiðarvísir sem bekkjarfulltrúar og umsjónakennari geta nýtt sér til að koma af stað umræðum um hlutverk foreldra í uppeldi og efla skilning á mikilvægi samstarfs og þátttöku foreldra í skólastarfi barna sinna. Samstaða fékkst um að fara ætti reglulega yfir sáttmálann, líka í eldri bekkjum, þó svo að ekki væri endilega skrifað undir hann. Foreldrar væru þá a.m.k. meðvitaðri um þau viðmið sem gilda innan bekkjarins og að sameiginlegur skilningur væri þá frekar á meðal foreldra. Þá skipti jafnframt máli að allir foreldrar innan bekkjarins hafi fengið vitneskju um hvað hafi verið rætt þó þeir hafi ekki verið viðstaddir.

**Foreldrarölt:** Bekkjarfulltrúar voru sammála um mikilvægi röltisins sem ákveðið forvarnargildi en jafnframt til að kynnast betur öðrum foreldrum í bekknum. Rætt var um að Götuvitinn fer á þá staði sem unglingar halda sig, s.s. í Fjörð og að Hvaleyrarvatni.

**Bekkjarstarf:** Rætt var um að bekkjarfulltrúar mættu almennt deila meiri ábyrgð á foreldra varðandi starf bekkjarins. Bekkjarfulltrúarnir gætu skipuleggi starfið í upphafi annar en fengu síðan aðra foreldra til liðs við sig, til að sinna ákveðnum viðburðum/verkefnum.

Bekkjarfulltrúum var síðan skipt upp í hópa (yngsta stig, miðstig, unglingastig). Bekkjarfulltrúum á öllum stigum bar saman um að líðan barna í skólanum væri almennt góð. Jafnframt væru samskipti innan skólans góð og starfsfólk legði sig fram um að koma til móts við foreldra. Kennarar og starfsfólk væru tilbúin að skoða allar spurningar sem beint er að þeim og svör kæmu fljótt.

Stjórn foreldrafélagsins er að vinna í að svara þeim fyrirspurnum sem fram komu á fundinum og hefur komið þeim á framfæri við skólastjórnendur.

## Kaffispjall

Kaffispjall bekkja/árganga fer fram á tímabilinu 14. til 25. mars. Það er mismunandi hvort árgangar haldi kaffispjall saman eða hvort hver bekkur haldi það sér.

Foreldrar fá þarna tækifæri til að hittast, ræða málin og skiptast á skoðunum. Áhersla er lögð á að ræða bæði það sem vel gengur og það sem má bæta.

Kaffispjallið er kjörinn vettvangur til að kynnast öðrum foreldrum í bekknum og styrkja tengslin við þá.



*Við hvetjum foreldra til að vera virkir í skólastarfi barna sinna. Fylgist með því sem þau hafa fyrir stafni í skólanum og stuðlið að uppbyggilegum samskiptum á milli heimilis og skóla.*

## Hvað er málið með íþróttahús ?

Eins og fram kom í Flórgoðanum í nóvember sl. hafa skólastjórnendur, starfsfólk og forráðamenn skólans margsinnis ítrekað við bæjaryfirvöld nauðsyn þess að byggt verði íþróttahús við skólann. Það er löngu tímabært að Hafnarfjarðarbær og FM hús komist að samkomulagi sem fyrst um byggingu íþróttahússins svo hægt verði að uppfylla þau loforð sem hafa hljómað í eyrum okkar undanfarin ár.

Í svari frá fræðslustjóra Hafnarfjarðarbæjar þann 14. febrúar s.l. við fyrirspurn foreldrafélagsins kom fram að „Íþróttahús við Áslandsskóla er ekki inni í áætlun bæjarins á þessu ári. Ég hef hins vegar beðið um skoðun á að koma fyrir sparkvelli og skal ítreka það.“ Foreldrafélagið mun halda áfram að þrýsta á bæjaryfirvöld þannig að nemendur í Áslandsskóla hafi sama aðgang og aðrir nemendur Hafnarfjarðarbæjar að íþróttaaðstöðu. Börnin okkar líða fyrir það að hafa ekki greiðan aðgang að íþróttahúsi og sparkvelli auk þess sem þetta er mikið óhagræði fyrir skólastarfið.

## Gæsla eða ekki gæsla

Gæsla í búningsklefum í þeim íþróttamannvirkjum (Ásvellir, sundlaugin á Ásvöllum og Kaplakriki) sem nemendur í Áslandsskóla sækja á skólatíma hefur verið slök það sem af er vetri. Forráðamenn í Áslandsskóla eru mjög óánægðir með stöðu mála. Skólinn hefur gert könnun um líðan og þar kemur með óyggjandi hætti fram að mörgum börnum líður illa í búningsklefum á skólatíma. Foreldrafélag Áslandsskóla hefur sent öðrum grunnskólum bæjarins fyrirspurn um hvernig staðið er að gæslu í íþróttamannvirkjum. Foreldraráð Hafnarfjarðar er með málið til athugunar. Í síðastliðnum mánuði hélt ráðið fund með forsvarsmönnum íþróttafélaganna þar sem þessi mál voru rædd en því miður fengust ekki niðurstöður. Stjórn foreldrafélagsins mun halda áfram að krefjast þess að gæsla í búningsklefum íþróttamannvirkjanna í bænum á skólatíma sé til staðar.

## Uppbyggileg netnotkun

Á vef SAFT (Samfélag - Fjölskylda - Tækni) má finna ýmis heilræði fyrir foreldra um hvernig stuðla má að uppbyggilegri netnotkun barna og unglinga. Æskilegt er að foreldrar setji börnum sínum skorður hvað varðar tölvu- og netnotkun alveg frá 5 ára aldri. Gott er að beita ömmureglunni varðandi tölvunotkun barnanna, t.d. að fyrst eigi barnið að vinna heimavinnuna sína og síðan má það fara í tölvuna. Samkvæmt SAFT eru tveir tímar á dag í tölvunni hámarkstími hjá börnum og ekki ástæða til að lengja tímann þegar barnið eldist. Auk ömmureglunnar er gott að hafa skýrt að tölvunotkun sé bönnuð eftir klukkan tíu á kvöldin og að tölvur eigi að vera í alrými.

Í samskiptum á Netinu gilda sömu reglur og í öðrum samskiptum. Upplagt er að nota SAFT netorðin fimm til að ræða við barnið og unglinginn um þau samskipti, en þau eru:

1. Allt sem þú gerir á Netinu endurspeglar hver þú ert.
2. Komdu fram við aðra eins og þú vilt láta koma fram við þig.
3. Ekki taka þátt í neinu sem þú veist ekki hvað er.
4. Mundu að efni sem þú setur á Netið er öllum opið, alltaf.
5. Þú berð ábyrgð á því sem þú segir og gerir á Netinu.

Við hvetjum foreldra til að vera virkir í skólastarfi barna sinna. Fylgist með því sem þau hafa fyrir stafni í skólanum og stuðlið að uppbyggilegum samskiptum á milli heimilis og skóla.

## Jörundur/Bólu-Hjálmar

Foreldrafélagið bauð nemendum í 5. til 10. bekk í leikhús í febrúar. Umsjónarkennarar og nemendur fóru gangandi í glimrandi góðu vetrarveðri í Gaflaraleikhúsið þar sem boðið var upp á tvær leiksýningar. Þar sáu 8. 9. og 10. bekkur verðlaunaleiksýningu Stoppaleikhópsins um kraftaskáldið Bólu Hjálmar. Leiksýningin var valin barna- og unglingasýning ársins 2009 á Grímuverðlaunahátíðinni en hún fjallar um bláfátækan bónda og lífsbaráttu hans. 5., 6. og 7. bekkur sáu verk Tímamótaverksmiðjunnar um Jörund hundadagakonung en sýningin fjallaði um ótrúlega lífsævi hans. Hann er þekktastur fyrir að hafa rænt völdum hér á landi og ríkt sem einvaldur sumarið 1809. Meðlimir úr hljómsveitinni Ljótu hálfvitarnir tóku þátt í uppsetningu beggja sýninganna.



Kríuási 1  
221 Hafnarfirði  
Sími: 585 4600  
Bréfsími: 585 4610  
www.aslandsskoli.is  
aslandsskoli@aslandsskoli.is

**[www.aslandsskoli.is](http://www.aslandsskoli.is)**

**FLÓRGÓÐINN**

**Fréttablað Áslandsskóla**

Ábyrgð, hönnun, umbrot og skrif:

**Leifur S. Garðarsson**  
skólastjóri